

Um gengni við lyftur

Inngangur

Vinnueftirlitið hefur haft eftirlit með lyftum á Íslandi frá 1928 og skoðar árlega allar lyftur sem eru ætlaðar til fólksflutninga m.t.t. öryggis. Á Íslandi eru u.þ.b. 3000 lyftur ætlaðar til fólksflutninga.

Árið 1853 hannaði bandaríkjamaðurinn Elisha Otis fyrstu öruggu lyftuna. Slys í lyftum eru mjög fátíð og slys eins og sjást í bíómyndum þegar lyftur falla niður margar hæðir gerast ekki í raunveruleikanum.

Auðvelt er að koma í veg fyrir flest slys og margar bilanir í lyftum, með bættri umgengni.

1. Fyrir utan lyftuna

Skiljið ekki eftir vörur eða aðra hluti við lyftudyrnar sem geta hindrað aðgang að eða frá lyftunni. Það á alltaf að vera greiður aðgangur að lyftunni ekki síst þegar hjálpa þarf fólki út úr henni. Einnig þarf fólk í hjólastólum að eiga greiðan aðgang að og frá lyftunni.

2. Lyfta pöntuð

Þegar lyfta er pöntuð er mikilvægt að ýta aðeins einu sinni réttann takka, upp eða niður. Það seinkar komu lyftunnar ef ýtt er á báða takkana.



3. Farið inn í og út úr lyftunni

Slys í lyftum verða helst vegna þess að lyftan stoppar ekki á námkvæmlega réttum stað. Það getur verið hæðarmunur eða brún (2-4 sm) á gólfi lyftunnar og gólfi hússins sem þarf að varast. Hleypið þeim sem eru inni í lyftunni út áður en þið gangið inn.



Hér getur verið brún

4. Ekki stoppa hurðina

Ekki reyna að stoppa hurðina á lyftunni með höndum, fótum, tösukum eða öðrum hlutum. Bíðið og takið næstu ferð. Notið viðeigandi takka í lyftunni ef halda þarf dyrum opnum. Algengasta bilun í lyftum er á hurðunum.



Opna/halda dyrum opnum

5. Börn og gæludýr

Leyfið aldrei börnum að leika sér í lyftunni. Aðstoðið lítil börn við að fara inn í og út úr lyftunni. Gætið þess að gæludýr séu ekki laus inni í eða við lyftuna. Hætta getur skapast þegar dyrnar lokast og dýrið hleypur út eða inn.

6. Ef lyftan stoppar á milli hæða

Haldið ró ykkar ef lyftan stoppar á milli hæða. Það er engin hætta á ferðum. Lyftan hrapar örugglega ekki og súrefnið í lyftunni klárast ekki. Notið neyðarhnapp eða síma sem er í lyftunni. Umsjónarmaður lyftunnar kemur fljótlega og hleypir öllum út. Alls ekki reyna að opna dyr lyftunnar eða fara út úr henni á einhvern hátt, það getur skapað meiri slyshættu.



7. Lyftur má ekki nota í eldsvoða

